



Reykjavík 15. Júní 2022

Gagnaskil til slökkviliðs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins getur kallað eftir gögnum frá húseiganda, forráðamanni eða eldvarnarfulltrúa til að staðfesta brunavarnir viðkomandi húsnæðis. Það er getur verið gert hvort sem um er að ræða reglubundið eftirlit eða við umsóknir um leyfi til hina ýmsu stofnana sem slökkvilið gefur umsögn til. Reglubundið eftirlit slökkviliðs með eldvörnum húsnæðisins er samanber skoðunaráætlun og ákvæði reglugerðar um eldvarnir og eldvarnaeftirit nr. 723/2017. Í því skyni skal skila slökkviliði staðfestingum á stöðu eldvarna í húsnæðinu og að skjalfesting öryggis sé í samræmi við kröfur reglugerðar. Gögnum skal skilað í samræmi við meðfylgjandi gátlista og leiðbeininga vegna hans á tölvupóstfangið shs@eldvarnaeftirlit.is og hafa skal málsnúmer máls (22-0000) í efnislínu skeytis. Það er mjög mikilvægt að eldvarnafulltrúi /eigandi skili gögnum til slökkviliðs eins fljótt og kostur er til að koma í veg fyrir kostnað sem getur hlotist við meðferð máls.

Grunnstaðfestingar

Allir aðilar þurfa að skila inn grunnstaðfestingum til slökkviliðs, sama hvort um er að ræða reglubundið eftirlit eða hluta af umsagnarferli. Grunnstaðfestingar skiptast í eftirfarandi flokka:

1. Eldvarnarfulltrúi
2. Brunaviðvörðunarkerfi
3. Handslökkvibúnaðar (slökkvitæki og brunaslöngur)
4. Leiðar- og neyðarlýsing ásamt merkingum.

Nánari staðfestingar

Allir aðilar þurfa að fara vel yfir sínar brunavarnir og tilgreina nákvæmlega hvaða brunavarnir tilheyra þeirra húsnæði umfram það sem talið er upp í lið 1-4. Eigi liðir 5-8 við um þitt húsnæði þarf að skila inn þeim staðfestingum sem við á hverju sinni.

5. Vatnsúðakerfi
6. Ýtarlegar staðfestingar
7. Eldhús og veitingastaðir
8. Tækifærisleyfi



Reykjavík 15. Júní 2022

1. Eldvarnarfulltrúi

Í þennan flokk falla öll þau gögn sem snúa að eldvarnarfulltrúa. Þar með talið staðfesting á skipan eldvarnarfulltrúa og listi yfir þau atriði sem hann getur staðfest við slökkvilið. Mikil áhersla er lögð á að eldvarnarfulltrúi sé skipaður fyrir öll húsnæði eins fljótt og auðið er og hann sjái um öll samskipti við slökkvilið. Nánar má lesa um hlutverk og skyldur eldvarnarfulltrúa [hér](#).

1a - Eldvarnarfulltrúi - Staðfesting á skipan eldvarnarfulltrúa, eyðublað undirritað af húseiganda. Sjá í viðhengi eða [hér](#).

1b - Aðaluppdrættir - Staðfesting á því að húsnæði sé í samræmi við gildandi aðaluppdrætti og þeir séu til staðar. (Skrifleg staðfesting frá eldvarnarfulltrúa). Aðaluppdrætti má nálgast hjá byggingafulltrúa eða á teiknivef viðkomandi sveitafélags.

1c - Eigið eftirlit - Staðfesting á skriflegu eigin eftirliti, mánaðarlegt ef fjöldi í húsinu er yfir 50 manns eða starfsemin sé þess eðlis, annars árlegt. (Skrifleg staðfesting frá eldvarnarfulltrúa eða myndir). Sjá nánar [hér](#):

- [Eigið eldvarnaeftirlit](#)
- [Eldvarnabandalagið](#)

1d - Flóttaleiðir - Staðfesting á að flóttaleiðir séu greiðfærar, þær opnast án lykils eða annarra verkfæra og séu í lagi ásamt leiðarmerkingum. (Skrifleg staðfesting frá eldvarnarfulltrúa). Sjá nánar [hér](#).

1e - Viðbragðs- og rýmingaráætlun - Staðfesting á að viðbragðs- og rýmingaráætlun við hættuástandi er til staðar hún kynnt starfsfólki (Skrifleg staðfesting frá eldvarnarfulltrúa eða myndir). Sjá nánar [hér](#).

2. Brunaviðvörðunarkerfi

Í þennan flokk falla öll þau gögn sem við koma brunaviðvörðunarkerfum og búnaði þeim tengdum. Öll gögn og staðfestingar fyrir þessi kerfi þurfa að koma frá viðurkenndum þjónustuaðila sem eigandi eða forráðamaður velur sér til að sjá um sín kerfi.

Eldvarnarfulltrúnálgast gögn hjá sínum þjónustuaðila og sendir slökkviliði til staðfestingar. Nánar má sjá upplýsingar um brunaviðvörðunarkerfi [hér](#).

2a - Brunaviðvörðunarkerfi vöktun - Staðfesting frá þjónustuaðila að brunaviðvörðunarkerfið kerfið sé tengt vaktstöð.

2b - Brunaviðvörðunarkerfi þjónustusamningur - Staðfesting á að í gildi sé þjónustusamningur við viðurkenndan þjónustuaðila brunaviðvörðunarkerfis.



Reykjavík 15. Júní 2022

- 2c - Brunaviðvörðunarkerfi Skoðunarskýrsla** - Staðfesting viðurkennds þjónustuaðila að brunaviðvörðunarkerfið hafi verið yfirfarið. (Afrit af skoðunarskýrslu verður að fylgja og er krafa um að hún sé athugasemdaleus).
- 2d - Brunaviðvörðunarkerfi Annar búnaður** - Staðfesting á yfirferð annars búnaðar tengdum brunavörnum, t.d. hurðaseglar, brunalokur, slökkvikerfi, eldhúsháfar, reyklosun, brunatjöld ofl. (ef við á) - Er oftast með í skoðunarskýrslu brunakerfa, ef ekki sjá lið 6 – Ýtarlegar staðfestingar.
- 2e - Reykskynjun** –Ef um staka reykskynjara er að ræða, en ekki brunakerfi, þarf að skila inn staðfestingu á yfirferð þeirra, m.a. að þeir séu prófaðir og skipt sé um batterí árlega.

3. Handslökkvibúnaður

Í þennan flokk falla öll þau gögn sem við koma handslökkvibúnaði. Öll gögn og staðfestingar fyrir þennan búnað þurfa að koma frá viðurkenndum þjónustuaðila sem eigandi eða forráðamaður velur sér til að sjá um sinn búnað. Eldvarnarfulltrúi nálgast gögn hjá sínum þjónustuaðila og sendir slökkviliði til staðfestingar.

- 3a - Slökkvitæki** - Staðfesting viðurkennds þjónustuaðila að Slökkvitæki hafi verið yfirfarin. Sjá nánar [hér](#).
- 3b - Brunaslöngur** - Staðfesting viðurkennds þjónustuaðila að Brunaslöngur hafi verið yfirfarnar. Sjá nánar [hér](#).

4. Leiðar- og neyðarlýsing

Í þennan flokk falla gögn tengd leiðar- og neyðarlýsingarbúnaði ásamt leiðarmerkingum. Sjá nánar [hér](#).

- 4a - Leiðar- og neyðarlýsing ásamt merkingum** - Staðfesting á að leiðar- og neyðarlýsing hafi verið yfirfarin og prófuð. (Eyðublað úr leiðbeiningum 9.4.12 frá hms.is, undirritað af rafvirkjameistara). Sjá nánar [hér](#).

5. Vatnsúðakerfi

Í þennan flokk falla gögn og staðfestingar tengd vatnsúðakerfum. Öll gögn og staðfestingar fyrir þennan búnað þurfa að koma frá viðurkenndum þjónustuaðila sem eigandi eða forráðamaður velur sér til að sjá um sinn búnað. Eldvarnarfulltrúi nálgast gögn hjá sínum þjónustuaðila og sendir slökkviliði til staðfestingar, eða fær þjónustuaðila til að skila gögnum í þjónustugátt SHS á shs.is. Sjá [hér](#) – Merkt Slökkvikerfi, neðst á upphafssíðu shs.is.



Reykjavík 15. Júní 2022

- 5a - Vatnsúðakerfi þjónustusamningur (ef við á) - Staðfesting á að í gildi sé þjónustusamningur við þjónustuaðila vatnsúðakerfis.**
- 5b - Vatnsúðakerfi skoðunarskýrslur, skilað í gátt SHS (ef við á) - Staðfesting viðurkennds þjónustuaðila á að vatnsúðakerfið hafi verið yfirfarið og er án athugasemda. Á við um ársfjórðungsskoðanir og ársskoðanir. (Afrit af skoðunarskýrslu skilað í gátt shs.is)**
- 5c – Vatnsúðakerfi, staðfesting á 25 ára skoðun (ef við á) - Staðfesting þjónustuaðila vatnsúðakerfis á að 25 ára skoðun hafi verið framkvæmd eftir að kerfi hefur náð þeim aldri. Þegar vatnsúðakerfi er orðið 25 ára gamalt skal kerfið í heild sinni tekið í veigamikla þjónustuskoðun.**

6. Ýtarlegar staðfestingar

Ef húsnæði hefur að geyma annan búnað tengdan brunavörnum eða ef slökkvilið óskar eftir frekari staðfestingum tengdum brunatæknilegri hönnun hússins falla þau gögn undir nánari staðfestingar. Það er á ábyrgð eiganda/forráðamanns eða eldvarnarfulltrúa að upplýsa slökkvilið um það að slíkur búnaður sé til staðar og skila inn gögnum honum tengdum. Undir nánari staðfestingar fellur meðal annars: (ath, listi er ekki tæmandi).

- 6a - Staðfesting á að brunahönnun sé til staðar, undirskifuð af brunahönnuði.**
- 6b - Staðfesting á að minnisblað frá brunahönnuði sé til staðar, stimplað af slökkviliði. (getur innihaldið frávík frá reglum eða tímabundin úrræði).**
- 6c - Staðfesting á að aðkoma slökkviliðs, ásamt þungatakmörkunum, sé merkt og í lagi.**
- 6d - Staðfesting frá fagaðila um að brunahólfun og brunapéttingar séu yfirfarnar og í lagi.**
- 6e - Staðfesting á að klæðningar séu í lagi og samkvæmt aðaluppdráttum.**
- 6f - Staðfesting á að rekstraleyfi sé í gildi.**
- 6g – Staðfesting á að eldvarnahurðir hafi verið yfirfarnar og þær lokist, hurðapumpur í lagi.**
- 6h – Staðfesting á að hurðaseglar/pumpur hafi verið yfirfarnar og þær sleppi hurðum við brunaboð.**
- 6i – Staðfesting á að brunalokur í loftræsisökkum lokist við brunaboð.**
- 6j – Staðfesting á að Fellitjöld/hurðar hafi verið yfirfarnar og þau fari niður/lokast við brunaboð.**
- 6k – Staðfesting á að rennihurðir í flóttaleiðum hafi verið yfirfarnar og opnunarbúnaður virki við straumleysi.**
- 6l – Staðfesting á að reyklosunarbúnaður hafi verið yfirfarinn og prófaður.**



Reykjavík 15. Júní 2022

6m – Staðfesting á að samskiptabúnaður á biðsvæðum hafi verið yfirfarin og prófaður.

6n – Staðfesting á að slökkvikerfi önnur en í háfum og almenn vatnsúðakerfi hafi verið yfirfarin.

6o – Staðfesting á að slökkviliðslyfta hafi verið yfirfarin.

6p – Staðfesting á að eldvarnarteppi er til staðar.

7. Eldhús og veitingastaðir

Ef í húsnæðinu er eldhús eða veitingastaður með búnaði sem háður er reglubundinni skoðun og yfirferð fagaðila skal eigandi/forráðamaður eða eldvarnarfulltrúi tilkynna um slíkt og skila inn gögnum og staðfestingum þeim tengdum til slökkviliðs.

7a - Útsogsháfar í eldhúsi - Staðfesting blikksmíðameistara að hann hafi annast uppsetningu háfa og lagna, í smaræmi við leiðbeiningar og notað hafi verið viðurkennd efni (spíralrör eru ekki samþykkt í eldhúsum). Sjá nánar [hér](#).

7b - Útsogsháfar í eldhúsi - Staðfesting frá fagaðila að háfar og lagnir hafi verið hreinsuð á síðustu 12 mánuðum.

7c - Slökkvikerfi í útsogsháfum - Staðfesting á yfirferð þjónustuaðila á síðustu 12 mánuðum.

7d - Slökkvikerfi í útsogsháfum - Staðfesting á þjónustusamningi við þjónustuaðila.

7e - Osonkerfi - Staðfesting á yfirferð og prófun er til staðar

7f - Gasbúnaður - Skal vera inná samþykktum teikningum og búnaður yfirfarinn af fagaðila, merkingar í lagi.

7g - Eldvarnarteppi – Skal vera upphengt og aðgengilegt á sýnilegum nærri eldunarbúnaði.

7h - Fjöldaskilti – Skilti, sem segir til um leyfilegan fjölda gesta í einu, skal vera upphengt og sýnilegt á staðnum.

7i - Rekstraleyfi - Er rekstrarleyfi í gildi, skal vera upphengt og sýnilegt á staðnum.

8. Tækifærisleyfi og viðburðir

Vegna umsókna um tækifærisleyfi vegna hina ýmsu viðburða er nauðsynlegt að skila inn öllum grunnstaðfestingum til slökkviliðs. Einnig er farið fram á eftirfarandi staðfestingar.

8a - Minnisblað eða greinagerð brunahönnuðar vegna viðburðar.

8b - Staðfesting á fjölda fólks á viðburði í samræmi við minnisblað hönnuðar og leyfi sem sótt er um.

8c - Teikning af uppsetningu viðburðar, með skýringum og málsetningum - Samþykktar af slökkviliði.